

Uppfærsla á verðlista og sjúrnaltextum út frá skrá (Supply32)

Byrjið á því að sækja uppfærsluskrána á heimasíðu www.sjound.is, notið til þess Google Chrome vafra.


Veljið „Þjónusta – Niðurhal – Opus Dental




Hægrismellið svo á Supply32 og veljið „Save link as..“

Opus Dental niðurhal


Opus Dental




Ákveðið svo hvar þið viljið vista skrána á tölvunni ykkar og veljið „Save“




Þetta er þjöppuð skrá (ZIP file) sem þarf að afþjappa. Finnið skrána í tölvunni ykkar sem þið voruð að sækja. Hægrismellið á hana eins og sýnt er á myndinni fyrir neðan og veljið „Extract Here“ eða „Extract All“ (getur verið misjafnt á milli talva).




Að þessu loknu farið þið í Opus og opnið gluggan með verðlistunum ykkar með því að velja „Verkfæri / Uppsetning-Allir – meðferðaraðilar / Verðlisti“




Leytið að sjúkra verðlistunum ykkar. Hér heita þeir „Sí börn 1.1.19“ og „Sí fullorðnir 1.1.19“.



Merkið verðlistann sem á að eyða eins og sýnt er hér fyrir neðan. Það er gert með því að velja hann þannig að pílan sé fyrir framan nafnið og smella svo á hnappinn með rauða exinu.




Við það kemur upp viðvörðun sem þið skuluð velja „Ja“ við.




Eftir að búið er að eyða báðum verðlistunum á að loka veðlistaglugganum. Við það spyr Opus hvort það eigi að vista breytingarnar, veldu „Já“ við þeirri spurningu. Ef það gleymist þá þarf að gera þetta allt aftur.


Því næst skaltu fara inn í „Sérstakar aðgerðir“




Í „Sérstökum aðgerðum“ veljið þið „Uppfæra fyrirfram skilgreind gögn“



Í „Uppfæra fyrirfram skilgreind gögn“ eigið þið að haka við „Áætlað/Framkv.“ Og „Taxtar Sí“ eins og sýnt er á myndinni. Því næst smellið þið á „Uppfæra frá skrá“.



Finnið svo skrána sem þið afþjoppuðuð fyrr í leiðbeiningunum og veljið „Open“



Ef villa kemur upp hjá ykkur hakið þá við annað í einu (fyrst „Áætlað/Framkv.“ og ýtið á „Uppfæra frá skrá“ takið það hak svo af og hakið svo við „Taxtar Sí“ og ýtið á „Uppfæra frá skrá“. Þegar hak hefur myndast við enda beggja lína eins og sést á myndinni er aðgerðinni lokið og það má smella á „Loka“

